



Forseti Alþingis Steingrímur J. Sigfússon

Ályktun

Stjórn Fangavardafélags Íslands vill koma eftirfarandi ályktun á framfæri við Alþingi íslendinga.

Á Hólmsheiðinni er nýtt stórglæsilegt fangelsi sem ekki hefur verið hægt að nýta 100% þar sem fjárveitingar skortir til eðlilegs starfsmannahalds sem tryggir öryggi bæði starfsmanna og skjólstæðinga okkar. Skjólstæðingahópur okkar hefur verið að þyngjast mjög mikið á undanförunum árum, en í þeim hópi eru einstaklingar sem eru veikari, bæði líkamlega og andlega. Þrátt fyrir þetta aukna álag hafa fjárveitingar ekki verið auknar.

Einnig má minna á það að niðurskurður á hverju ári frá árinu 2008 hefur gert það að verkum að aðbúnaður og tæki fangavarda hafa gengið úr sér og engin endurnýjun átt sér stað. Og enn á að skera niður fé til reksturs fangelsa.

Það á að vera öllum ljóst að það fyrirkomulag að fangavörður sé einn á vakt eins og tíðkast til dæmis á Kviabryggju, uppfyllir ekki þær öryggiskröfur sem sjálfsagðar ættu að vera í nútíma fangelsum. Nýlegt dæmi um það gerðist þann 12.janúar síðastliðinn þegar fangavörður sem var einn á vakt varð alvarlega veikur og setti bæði fangavörðinn og fjölda fanga í hættu.

Fangavardafélag Íslands vill beina því til Alþingis að hætta nú þegar frekari niðurskurði fjárveitinga í fangelsiskerfinu og tryggja nú þegar nægt fjármagn til reksturs og uppbyggingar sem nauðsynleg er eftir áralangan niðurskurð.

F.h. hönd stjórnar Fangavardafélagsins


Jón Ingi Jónsson, formaður